

# Det var ikke en busk

Höfundur texta og mynda: Eli Hovdenak  
(Noregi) Forlag: ENA  
Var tilnefnd til Barna- og  
unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2019.

Söguþráður: Vinirnir Tilde og Torvald ganga inn í dimman skóg. Þau heyra skrýtin hljóð. Andrúmsloftið virðist göldrótt og hugmyndaflugið fer á fullt. Eru hættur í skóginum? Liggur eitthvað hræðilegt í leynum? Tilde er kvíðin þegar Torvald lýsir upp stíginn með ennisljósi. Þau koma að kofa og þar birtast óvænt tvær uglur. Þær eru hræddar við veru sem líkist runna, en þá er það bara Torvald.

Efnisorð: Að þora að prófa eitthvað nýtt, myrkfælni, ævintýraverur, form í náttúrunni

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar, hvaða liti sjáið þið? Sjáið þið fuglinn og uglurnar í myrkrinu? Beinið vasaljósi að dýrunum og skapið hljóðveröld með öllum hljóðunum í skóginum.


### LEIKSKÓLABÖRN

1. Hlustunarleikur: Áður en þið hefjið lesturinn búið þið ykkur undir að mynda hljóð sem börnin eiga að giska á hver eru. Öll börnin loka augunum og hlusta. Svo giska þau á hvaða hljóð þau heyrðu.

2. Tilde og Torvald ganga um skóginn og heyra alls konar hljóð. Á myndunum sjáum við alls konar dýr sem gefa frá sér mismunandi hljóð. Hvernig heyrast í þeim? Hljóðin í bókinni eru ógnvekjandi en hvernig myndi öryggi og gleði hljóma?

3. Við hvað eru Tilde og Torvald hrædd? Nefndu eitthvað sem hræðir þig. Við hvað eru börn hrædd? Eru sum börn hrædd við myrkrið? Er eitthvað gott við að vera á dimmum stað?

4. Skoðið myndirnar af skóginum. Hvað sjáið þið? Hver eru í skóginum önnur en Tilde og Torvald?



ISBN 978-952-7486-53-5

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldur þú að bókin sé?

2. Áður en Tilde áttar sig á því hvaða dýr gefa frá sér hljóð í myrkrinu er hún mjög hrædd við þau. Hefur þú einhvern tíma hræðst eitthvað sem þú sérð ekki?

3. Tilde þekkir bara hljóðin en getur þú teiknað dýrið eins og þú heldur að það líti út? Þetta er gert áður en börnin komast að því að þetta eru tvær uglur. Börnin geta teiknað myndir hvert í sínu lagi eða saman á stórt blað. Ræðið myndirnar og hvers vegna börnin héldu að dýrin litu svona út.

4. Hugo og Hulda banka upp á hjá Tilde af því að þau eru svo hrædd við Torvald. Ræðið hvað hræðir og um að prófa að gera eitthvað sem við þorum varla. Spyrið börnin hvort þau hafi þorað að gera eitthvað sem þau hræddust en gekk samt vel.

5. Af hverju fannst uglunum Torvald líkjast runna?

6. Skoðið myndirnar af skóginum í bókinni. Hvað sjáið þið? Getið þið ímyndað ykkur önnur dýr og verur sem búa í skóginum? Hugið um tré og runna þegar þið teiknið og segið frá ævintýraverum ykkar.



## BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér best við bókina? Fannst þér vanta eitthvað í bókina eða var eitthvað sem þú skildir ekki? Veistu um sögur eða bækur sem minna á þessa eða fjalla um það sama? 2. Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir titil bókarinnar?

3. Teiknaðu nýja kápumynd fyrir bókina.

4. Allt fer vel að lokum og eftir að Hugo og Hulda kynntust Torvaldi eru þau ekki lengur hrædd við hann. Heldurðu að Torvald hafi einhvern tíma orðið hræddur í skóginum? Við hvað heldurðu að hann hafi verið hræddur? Ef hann var ekki hræddur, hvernig heldurðu þá að honum hafi liðið?

5. Lestu bókina og skoðaðu myndirnar. Hvernig er bókin myndin? Geturðu nefnt dæmi?



## ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

En skikkelig flink liten reingjeter. Höfundar: Anne-Grethe Leine Bientie og Meerke Laimi Thomasson Vekterli.

Skrímli í vanda. Höfundar: Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Raket Helmsdal

## MÁLAMOLI

### "Tröll"

sænska

Troll

danska

Trold

norska

Troll

íslenska

Tröll

færeyska

Trøll

grænlandska

Torulleq

finnska

Peikko

norðursamíska

Stállu

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)